



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2012

Efni: Umsögn að frumvarpi til laga um menningarminjar (þskj. 370 – 316. mál)

Hér með sendir Þjóðskjalasafn Íslands umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar. Þjóðskjalasafn gerði athugasemdir við sambærilegt frumvarp sem lagt var fyrir á Alþingi veturinn 2010-2011 (þskj. 1153 – 651. mál). Þær athugasemdir snéru einkum að því að ekki var gert ráð fyrir að haft skyldi samráð við Þjóðskjalasafn þegar kæmi að málum er litu að varðveislu eða annarri ráðstöfun skjala og skjalasafna í greinum frumvarpsins. Ljóst er af því frumvarpi sem Alþingi sendir nú til umsagnar að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða Þjóðskjalasafns, eða annarra af þeim toga, og er það fagnaðarefni.

Þjóðskjalasafn vill engu að síður leggja til vinsamlegrar athugunar þingsins breytingar á 10. grein frumvarpsins.

Í 10. greininni er fjallað um minjaráð og að þau skuli starfa á hverju minjasvæði. Í frumvarpinu segir að „Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis, sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn“. Í 2. gr. frumvarpsins eru menningarminjar m.a. skilgreindar sem skjöl og handrit og því eðlilegt að minjaráð skuli hafa samráð við þau söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu skjala og handrita þegar málefni er varða slíkar menningarminjar koma inn á borð ráðanna. Því er lagt til að 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins hljóði svo, í samræmi við orðalag 7. gr.:

Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis, sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn *sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.*

Virðingarfyllt,

Eiríkur G. Guðmundsson,
settur þjóðskjalavörður